

Greinargerð með ársreikningi 2025

Rekstrarreikningur

Tekjur eru tæpum 8 milljónum lægri en áætlað var og gjöld rúmum 10 milljónum lægri.

Gert var ráð fyrir um tæplega 19,7 milljóna króna rekstrarafgangi sem endaði í 23,4 milljóna rekstrarafgangi.

Hreinar fjármunatekjur voru áætlaðar um 2,6 milljónir en eru rúmar 4 milljónir. Fimleikasambandið ávaxtar handbæru fé sínu á hagstæðum sparnaðarreikningnum og það, ásamt hagstæðu vaxtaumhverfi til sparnaðar, skapar þessar vaxtatekjur.

Styrkir og framlög

Styrkir og framlög til Fimleikasambandsins voru tæpum 7 milljónum hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Ríkisstyrkur var sá sami og áætlað var en þó lægri en árið 2024. Útbreiðslustyrkurinn var rúmum 3,5 milljón hærri en áætlun gerði ráð fyrir og jafnframt rúmri milljón hærri en í fyrra.

Styrkur úr afrekssjóði ÍSÍ var aðeins lægri en áætlunin gerði ráð fyrir þar sem við fengum niðurfellingu á styrki um rúma 1,5 milljón, styrkurinn var þó 23 milljónum krónum hærri en árið 2024.

Lottó skilaði 4 milljónum meira en áætlun gerði ráð fyrir og rúmlega 3,5 milljón meira en árið áður.

Tekjur vegna Ólympíusamhjálpur er einstaklingsstyrkur eyrnamerkur Thelmu Aðalsteinsdóttur og er greiddur beint út til hennar.

Styrkir frá samstarfsaðilum voru 350 þúsund lægri en áætlað var rúmlega 3,5 milljón lægri en árið áður.

Fimleikasjóður var örlítið lægri en árið áður, útskýrist það á því að nokkrir einstaklingar hafa hætt að styrkja sjóðinn. Fimleikasambandið er skráð á almannaheillaskrá sem skapar skattalega hvata til að styrkja góð málefni. Það er því von okkar að styrktarsöfnun taki við sér á komandi árum.

Innlend mót og sýningar

Mótin árið 2025 virðast hafa verið betur sótt en ári áður. FSÍ mót, sem eru mótagjöldin eru aðeins undir áætlun sem og dómara gjöldin. Hinvegar hækka tekjur vegna dómara gjalda

og mótagjalda frá árinu 2024 og því er nokkuð ljóst að aukning var á keppendafjölda. Framlag aðildafélaga og húsaleiga þar á móti er lægra en áætlað var og einnig lægra en árið áður.

Dómarakostnaður er undir áætlun, líkt og tekjurnar undir dómaragjöldum. Jafnframt hækkar kostnaðurinn um rúmlega 300 þúsund á millil ára. Það komu nýir samningar haustið 2025 sem getur útskýrt þessa hækkun. Ef borin eru saman dómaragjöld á tekjuhlið og dómarakostnaður á kostnaðarhlið er rúm milljón króna munur sem er umsýslugjald Fimleikasambandsins fyrir að halda utan um greiðslur til dómara.

Hlutur mótshaldara er um 600 þúsund undir áætlun og 100 þúsund hærra en árið áður. Afsláttur mótshaldara af mótagjöldum er hinsvegar rúmum 200 þúsund yfir áætlun og tæpum 200 þúsund hærra en í fyrra.

Kostnaður vegna verðlauna er hærra en áætlun gerði ráð fyrir og má rekja það til þátttökuverðlauna sem tekin voru upp í haust. Raun kostnaður vegna verðlauna hefur hækkað um tæpar 200 þúsund krónur frá árinu 2024.

Undir liðnum annar mótakostnaður eru verktakalaun bæði vegna mótaskipulags og vegna vinnu við undanþágu reglna í hópfimleikum.

Tölvukostnaður er kostnaður vegna skorkerfis.

Búið var að áætla 20.000 kr. flutningskostnað vegna hugsanlegra móta út á landi en ekki kom til slíks kostnaðs.

Skipting launakostnaðar vegna mótahalds er aðeins lægri en áætlað var og lægri en árið 2024, en stór hluti af annar mótakostnaður er aðkeypt vinna við skipulagningu móta í áhaldafimleikum, þar sem aðilinn sem sér um mótaskipulagið er ekki á launaskrá hjá Fimleikasambandinu.

Tekjur af mótasviði námu rúmri 51 milljón og gjöldin voru rúmar 45 milljónir. Ef launakostnaður, sem eru rúmar 8 milljónir, vegna mótasviðs er dreginn frá má sjá að hagnaður af mótasviði var um 14 milljónir. Því má segja að eins og staðan er núna rekur mótasvið því næst sem eitt starfsgildi. Hafa ber þó í huga að þriðjungur af mótagjöldum er eyrnamerkur afreksstarfi sambandsins.

Aðrar tekjur er leiga af skorkerfi.

Alþjóðleg mót og sýningar

Tekjur á sviðinu voru rúmlega 17,1 milljón lægri en áætlað var og liggur sá munur í framlagi aðildarfélaga, sem er töluvert lægra en áætlað var.

Tekjur vegna áhaldafimleika eru tæplega 1 milljón hærrí en áætlað var og tekjur vegna hópfimleika rúmri 1,5 milljón hærrí. Tekjur vegna hópfimleika eru tekjur vegna Norðurlandamóts í hópfimleikum.

Þegar gjöldin eru skoðuð þá eru þátttökugöld tæpum 11 milljónum yfir áætlun, matur er hinsvegar tæpri milljón undir áætlun og hótél tæpum 8 milljónum undir áætlun. Við fáum oft reikninga til okkar vegna erlendra móti þar sem þessi kostnaður er ekki sundurliðaður og því bókaður undir lyklinum „Þátttökugjöld“. Ef litið er til þessa þá eru þessir liðir saman þá er ljóst að við förum ekki mikið yfir áætlun þegar kemur að þessum þremur liðum.

Búningakostnaður er rúmum 400 þúsund yfir áætlun og skýrist það af búningakostnaði vegna Fimleikahringins sem nam 375.000 kr. en sá kostnaður var áætlaður undir öðrum lið í fjárhagsáætlun.

Ekki var gert ráð fyrir sjúkrakostnaði í áætlun en sá kostnaður var tæpar 300 þúsund króna og rúmum 200 þúsund krónum hærrí en ári áður. Ekki er þó um verulegan kostnað að ræða þar sem að við þurfum að fylla á sjúkratöskur.

Laun landsliðsþjálfara er rúmri milljón undir áætlun, en munurinn liggur aðallega í ferðum sem landsliðsþjálfararnir og var ákveðið að fara ekki í öll þau verkefni sem áætluð voru. Landsliðsþjálfarar karla og kvenna eru á föstum launum hjá FSÍ og eru laun þeirra því inn í rekstrargjöldum. Lækkun á milli ára liggur í að ári áður var EM í hópfimleikum en landsliðsþjálfarar í hópfimleikum eru verktakar og á „off“ ári eru færri landsliðsþjálfarar að störfum sem útskýrir lækkun á milli ára.

Hæfileikamótun er undir áætlun og lægri en í fyrra og eru nokkrar ástæður fyrir því. Gert var ráð fyrir 2 milljónum í Fimleikahringinn en sá kostnaður var rétt í kringum 1,4 milljónir. Jafnframt bókaðist hluti af hæfileikamótun inn á „Fagteymi“ þ.e. laun fyrir að sjá um hæfileikamótun en það var í kringum 4,6 milljónir, enda er raun kostnaður vegna fagteymis langt umfram áætlun eða tæpum 6 milljónum yfir áætlun.

Útlagður kostnaður iðkenda á einstaklingsstyrkjum ÍSÍ kemur undir „fagteymi“ sem kostnaður, t.d. sjúkrakostnaður, en sá liður er rúmlega 1,8 milljón en kemur á móti sem tekjur undir „áhaldafimleikar“. Einnig fellur undir fagteymið kostnaður af fagteymi í afreksstarfi, bæði upphald og laun. Á hverju ári reynum við að auka fagteymisþjónustu í verkefnum okkar frá ári til árs, en launakostnaður fagaðila er hár og því þarf að gera það í skrefum.

Styrkir eru allir útgreiddir styrkir lagðir saman; einstaklingsstyrkir ÍSÍ, Ólympíustyrkir og aðrir styrkir.

Annar kostnaður er ýmis annar tilfallandi kostnaður í landsliðsferðum.

Tekjur vegna alþjóðlegra móta og sýninga voru tæpar 32,5 milljónir og gjöldin rúmlega 93,9 milljónir. Tap á afrekssviði, án skiptra launa, er því 61,4 milljónir. Séu laun þeirra starfsmanna sem koma að sviðinu reiknuð með er ljóst að tapið er rúmar 94,4 milljónir.

Hins vegar er hluti tekna á öðrum sviðum eyrnamerkt afrekssviði. Má þar nefna styrk úr afrekssjóði ÍSÍ [stjórnunarsvið], þriðjungur leyfisgjalda [leyfisgjöld] og þriðjungur mótagjalda [mótasvið]. Séu allar þessar tekjur lagðar saman til móts við gjöldin er ljóst að í fyrsta skipti frá upphafi er ekki tap af sviðinu (sjá töflu), heldur afgangur sem við munum nýta upp í árið 2026, en eins og flestir vita eru sléttutöluárin ávallt tapár (sjá töflu).

Tekjur	
Tekjur vegna alþjóðlegra móta og sýninga	38.258.257
Tekjur vegna mótahalda (1/3)	6.794.367
Tekjur vegna leyfiskerfis (1/3)	9.147.533
Aftekssjóður	73.669.532
Samtals tekjur	127.869.689

Gjöld	
Gjöld vegna alþjóðlegra móta	93.879.227
Laun vegna alþjóðlegra móta	26.113.899
Laun fagteymis	6.839.354
Samtals gjöld	126.832.480

Mismunur

1.037.209

Námskeið og fræðsluefni

Þjálfaranámskeiðin voru fleiri og betur sótt en áætlað var og voru tekjurnar rúmum 9 milljónum yfir áætlun, og töluvert hærri en síðustu ár. Fræðslusviðið er því loksins farið að skila okkur tekjum eftir mörg ár sem okkur hefur blætt út í fræðslunni.

Á móti hækkan tekna hækkar einnig kennsluliður undir gjöldum gífurlega.

Önnur námskeiðið er fræðsludagurinn, sem var tæplega 250 þúsund krónur undir áætlun og jafnframt töluvert lægri en árið 2024.

Framlag aðildarféлага og húsaleiga var hærri en áætlað var þar sem fleiri námskeið fóru fram þetta árið í samanburði við árið áður.

Tekjur af námskeiðum og fræðslu voru rúmar 32,4 milljónir og gjöldin rúmar 21,8 milljónir. Ef tekinn er inn launakostnaður af sviðinu upp á rúmlega 8,7 milljónir er ljóst að í fyrsta sinn er ekki tap af fræðslusviði heldur í kringum 1,9 milljóna króna afgangur.

Leyfiskerfi

Iðkendum fimleikahreyfingarinnar heldur áfram að fjölga en tekjurnar af leyfiskerfinu eru svipaðar og áætlað var en þó 2,6 milljón hærri en ári áður. Mesta aukningin í leyfum er í koparleyfum sem sínir vel að vöxtur er í fimleikahreyfingunni en í koparleyfum eru yngstu iðkendurnir. Áhyggjuefni er þó töluverð lækkun á milli ára í bronsleyfum en í þeim leyfum

eru t.d. iðkendur í fimleikum fyrir alla, parkour, special olympics og aðrir iðkendur sem eru orðnir 9 ára en ekki að keppa á mótum FSÍ.

Aðrar tekjur

Undir liðnum aðrar tekjur eru félagaskipti á árinu sem og tekjur vegna útlagðs kostnaðar sem tilheyrir ekki FSÍ. Jafnframt er þar inni sala á léni sem við áttum. Aðrar erlendar tekjur er útlagður kostnaður vegna funda erlendis þar sem alþjóðlega sambandið (FIG) endurgreiðir þann kostnað að hluta til.

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld voru rúmar 87 milljónir árið 2025 sem er 7 milljónum yfir áætlun og 14 milljónum hærra en árið 2024. Árið 2024 voru margir starfsmenn í fæðingarorlofi og var ákveðið að ráða ekki inn nýja starfsmenn það árið vegna óvæntrar niðurstöðu við úthlutun afrekssjóðsins það ár með það að markmiði að draga úr kostnaði. Verkefnum þeirra sem voru í fæðingarorlofi var því dreift á þá starfsmenn sem eftir voru á skrifstofunni. Árið 2025 snéru þessir starfsmenn aftur tilbaka sem útskýrir hækkun á launum ásamt VR hækkunum.

Hugbúnaðarkostnaður var tæpri milljón yfir áætlun. Stærsti liðurinn í hugbúnaðarkostnaði er Microsoft Dynamics en kostnaðurinn fyrir árið 2025 í þann hugbúnað voru rúmar 2,2 milljónir. Við stefnum á að segja upp leyfum sem við þurfum ekki lengur árið 2026. Næst stærsti liðurinn er Sundra, en það er hugbúnaður sem notaður er til að skrifa erlendan texta við fræðsluna okkar en sá kostnaður nemur rúmum 200 þúsund krónum.

Síma- og internetkostnaður saman er mjög svipað því sem áætlað var og svipaður árinu áður.

Bókhaldskostnaður/ráðgjöf er langt yfir áætlun og töluvert hærra en í fyrra. Undir þessum lið eru reikningar frá óháðum skoðunarmanni, reikningar vegna þjónustu við leyfiskerfið og einnig reikningar vegna annarrar sérfræðipjónustu.

Uppskeruhátíð var langt undir áætlun og töluvert lægri en ári áður og sama á við um þingið okkar. Uppskeruhátíð var haldin í Arion og styrktu Arion okkur um sal og einhverjar veitingar og sama átti við um þingið, þingið var haldið í hátíðarsal Gróttu og rukkuðu þau okkur ekki um salarleigu. Við erum afar þakklát fyrir slíka styrki.

Kostnaður vegna tölvu og tækja var langt umfram áætlun og töluvert hækkun frá árinu áður en nokkrir starfsmenn endurnýjuðu búnað sinn sem var orðinn gamall og lúinn.

Annar kostnaður kemur á mótum öðrum tekjum, þ.e. kostnaður sem fer út og inn.

Rekstrargjöld Fimleikasambandsins eru því samanlagt rúmar 97,9 milljónir eða um tæpum 7 milljónum hærri en áætlað var og rúmum 14,5 milljón hærri en árið 2024, þar sem stærsti munurinn er launa- og ráðgjafarkostnaður.

Afskriftir

Klárað var að afskrifa óinnheimtanlegar skuldir árið 2022 og var því ekkert afskrifað árið 2024.

Fimleika Events ehf.

Það var lítil sem engin starfsemi í Fimleika Events á árinu 2025.

Fjáreignartekjur og (fjármagnsgjöld) - Samsteypu

Vaxtatekjur voru rúmar 4 m.kr. á árinu. Árið 2021, samhliða því að fjármálaregluverk sambandsins var samþykkt, var hafinn sparnaður á 30 daga bundnum vaxtareikningi með ágætis vöxtum. Vaxtaumhverfi á Íslandi hefur verið hagstætt til sparnaðar og hafa þessar vaxtatekjur því rokið upp og munar sambandinu mikið um.

Rekstrarafgangur ársins

Rekstrarafgangur ársins nemur rúmum 23,4 milljón króna, sem er um 3,5 milljón hærra en áætlað var. Rekstrarniðurstöður eru yfirleitt bornar saman milli sléttra ára og oddatöluára. Venjan er sú að afgangur myndast á oddatöluárum, sem er þá nýttur til að jafna út tap sem verður á sléttum árum.

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningurinn nær til samstæðu Fimleikasambandsins og Fimleika Events, þ.e.a.s. efnahagi félaganna tveggja er steyppt saman.

Veltufjármunir

Birgðir

Birgðir eru óbreyttar á milli ára.

Viðskiptakröfur

Þær viðskiptakröfur sem eru til staðar eru að miklu leiti styrkur úr Afrekssjóð sem var ógreiddur í lok árs.

Aðildarfélög

Skuldir aðildarfélaga hækka um 9 milljónir á milli ára, það voru einkum 3 félög sem voru í frekar mikilli skuld um áramótin en þau eru öll með greiðslusamning við okkur í dag.

Handbært fé

Handbært fé hækkaði um rúmar tæpar 21 milljónir á milli ára.

Eigið fé og skuldir

Hlutfé að upphæð 500.000 kr. er eign í dótturfélaginu Fimleika Events ehf.

Óráðstafað eigið fé samstæðunnar var 87,4 m.kr. í lok ársins 2025, sem er óráðstafað eigið fé FSÍ árið 2024 auk rekstrarafgangs ársins.

Eigið fé í lok ársins er því rúmum 13 milljónum hærra en á árinu undan.

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir lækkuðu töluvert á milli ára sem er mjög jákvætt.

Ógreidd launatengd gjöld

Launatengd gjöld vegna desemberlauna voru ógreidd í lok árs en voru svo greidd í janúar 2026.

Greiðslukort

Um er að ræða skuld á VISA kortum sem tilheyra 2025 en voru greidd í byrjun árs 2026.

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

Veltufé frá rekstri var jákvætt árið 2025 sökum rekstrarafgang ársins.

Skammtímakröfur hækkuðu á árinu og skammtímaskuldir lækkuðu á árinu. Skammtímakröfur hækkuðu um rúmlega 6,4 m.kr. og skammtímaskuldir lækkuðu um 3,5 m.kr. Vegna þessa er neikvæð breyting á rekstartengdum eignum og skuldum um tæpar

3 milljónir. Handbært fé frá rekstri er engu að síður jákvætt um rúmlega 16,8 milljónir og handbært fé í árslok því samtals 83.905.244 krónur.